



Fundargerð stjórnar SOS nr. 321

Staður: Hótel Vík í Mýrdal, Klettsvegi 1-5, Vík í Mýrdal.

Dagsetning og tími: 25. október 2023, kl. 20:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Aðalfundur verður haldinn 27. október nk. í tengslum við ráðstefnu SASS í Vík í Mýrdal á Hótel Vík í Mýrdal. Formaður fór yfir efni aðalfundar og dagskrá. Formaður leggur til breytingu á uppröðun dagskrárliða og kynnir að mál hafi bæst við dagskrána, þ.e. kynning á úrgangstölum frá Elísabetu Björneyju Lárusdóttur, umhverfissérfræðingi SASS.

Farið yfir þær tillögur sem bárust frá aðildarsveitarfélögum um áhersluverkefni. Þar sem svigrúm er í fjárhagsáætlun ákveður stjórn að vinna með tillögurnar áfram í stað þess að bera þær formlega upp á aðalfundinum 27. október nk.

2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Stefnt er að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 20:30.